

REGLUR

um sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsstjórnvalda um beitingu tiltekinnna aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsstjórnvalda um að veita fjármálafyrirtæki leyfi til þess að beita tilteknum aðferðum við útreikning á eiginfjárkröfum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013, um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

Sameiginlegt ákvörðunarferli.

Um sameiginlegt ákvörðunarferli eftirlitsstjórnvalda vegna umsóknar fjármálafyrirtækis um leyfi til að beita tiltekinni aðferð við útreikning á eiginfjárkröfum skv. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fer eftir reglugerð (ESB) 2016/100, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/100 frá 16. október 2015 þar sem sameiginlega ákvörðunarferlið er tilgreint með tilliti til umsóknar um sérstök varfærnisleyfi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 36-44](#).
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2338 frá 20. nóvember 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/100 um tæknilega framkvæmdarstaðla þar sem sameiginlega ákvörðunarferlið er tilgreint með tilliti til umsóknar um sérstök varfærnisleyfi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2026 frá 30. apríl 2026.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2338 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32025R2338>, birt í OJ deild L, undirdeild R, 2025/2338, þann 21. nóvember 2025.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. tölul. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, taka gildi þegar í stað. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur um sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsstjórnvalda varðandi tiltekna aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja, nr. 793/2022.

Seðlabanka Íslands, 11. maí 2026.

Björk Sigurðsladóttir
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits.

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 27. maí 2026